

ist sem aðiljum semji alls ekki um áframhaldandi leigingu, og kemur þá til athugunar, hvort og að hve miklu leyti ákvæði húsaleigulaganna, einkum fyrsta málsgrein 6. gr., eigi við. Ef eingöngu á að fara eftir leigusamningnum, er réttur húseigandans til hærri leigu eftir 14. maí 1946 auðsær og réttur þar með til útburðar á leigutaka, sem vill ekki borga þá leigu, en af 1. málsg. 1. gr. húsaleigulaganna leiðir, að leigusala er óheimilt að segja upp nema gegn skilyrðum þeim, er þar greinir, en þeirra gætir ekki í umræddri útburðargerð og af 1. málsg. 6. gr. sömu laga leiðir, að húsaleiguna má ekki hækka nema sem svarar því, er húsaleiguvisitalan hækkar. Verður því leigusala talið óheimilt að segja leigutaka upp húsnæðinu, þrátt fyrir ákvæði leigusamningsins. Getur útburður á leigutaka úr húsnæðinu því eigi farið fram. Þá hefur gerðarbeiðandi krafizt, að gerðarþoli verði úrskurðaður til þess að borga kostnað við gerðina, án þess að geta hver sé. Líka hefur gerðarþoli krafizt, að gerðarbeiðandi greiði kostnað við gerðina og greiði sér 10 000.00 kr. í hneisubætur.

Krafa gerðarþola um hneisubætur kemur eigi til álita, þar sem krafa um útburð úr húsnæði veldur leigutakanum eigi hneisu.

Þykir því rétt, að kostnaður við gerðina falli niður.

Fyrir því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal eigi fram fara. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. apríl 1948.

Nr. 160/1946. Sesselja Sigmundsdóttir

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Barnaverndarráði Íslands

(Hrl. Ragnar Ólafsson).

Ógiltur úrskurður um sviptingu leyfis til forstöðu barnahælis.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 13. des. 1946, krefst þess, að úrskurður barnaverndarráðs Íslands frá 4. júní 1945 verði dæmdur ógildur og stefnda f. h. rikissjóðs dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-

kostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Frá því á síðara hluta árs 1944 hafði stefndi átt viðræður og bréfaskipti við áfrýjanda út af rekstri barnaheimilis þess, er hún hefur rekið að Sólheimum í Grímsnesi. Hafði rannsókn farið fram á starfsemi heimilisins í nóvember og desember 1944, og var talið, að hún hefði leitt í ljós nokkrar misfellur á rekstrinum. Á öndverðu ári 1945 var málum þessum svo komið, að stefndi vildi setja áfrýjanda tiltekin skilyrði um rekstur barnaheimilisins. Í bréfi til áfrýjanda 24. marz 1945 taldi stefndi, að áfrýjandi hefði gengið að skilyrðum, sem þar voru tilgreind, og óskaði eftir skriflegri staðfestingu hennar á þessu. Í svarbréfi áfrýjanda 13. apríl s. á. taldi hún, að stefndi hefði sett fram ný skilyrði í bréfinu frá 15. marz, og kvaðst ekki mundu ganga að þeim. Síðan virðast viðræður hafa farið fram milli stefnda og áfrýjanda um þessi mál, en einn barnaverndarráðsmanna tilkynnti áfrýjanda bréflega þann 14. maí 1945, að ákveðið hefði verið að fresta úrskurði í málinu til 26. s. m., og hefði ekkert svar borið frá áfrýjanda fyrir þann tíma, yrði lítið svo á, að hún vildi ekki fallast á hin settu skilyrði, og úrskurður þá felldur í málinu. Hinn 25. maí s. á. ritaði áfrýjandi stefnda bréf, þar sem hún féllst á nefnd skilyrði í flestum greinum. Ekki verður séð, að stefndi hafi átt neinar viðræður eða bréfaskipti um málið við áfrýjanda eftir þetta og þá ekki heldur tilkynnt henni, að þrátt fyrir þetta bréf hennar, yrði kveðinn upp úrskurður um það, hvort hún hefði rétt til að reka umrætt barnaheimili áfram, en þann úrskurð kvað stefndi upp 4. júní 1945 með þeim úrslitum, að áfrýjandi var svipt leyfi til forstöðu heimilisins. Er úrskurðurinn byggður á því, að áfrýjandi hafi ekki fallizt á umrædd skilyrði fyrir rekstri barnaheimilisins, en ekki er þar vikið að bréfi hennar frá 25. maí 1945.

Verður að telja, að áfrýjandi hafi ekki, eins og á stóð og að framan er lýst, fengið fullnægjandi aðstöðu til að skýra mál sitt og gæta réttar síns, áður en úrskurður þessi var felldur, enda var úrskurðurinn ekki nægilega rökstuddur, þar sem ekki er tekin afstaða til framangreinds bréfs

áfrýjanda. Þykir því, þegar af þessum ástæðum, bera að meta úrskurðinn ógildan.

Eftir þessum málalokum telst rétt að dæma stefnda f. h. ríkissjóðs til að greiða áfrýjanda samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Úrskurður barnaverndarráðs Íslands 4. júní 1945 er ógildur.

Stefndi, barnaverndarráð Íslands f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda Sesselju Sigmundsdóttur kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. desember 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Sesselja Sigmundsdóttir forstöðukona, Sólheimum, Grímsneshreppi, Árnessýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu útgefinni 19. marz s. l. gegn Arngrimi Kristjánsyni skólastjóra, Hringbraut 139, Jakobi Jónssyni presti, Leifsgötu 16 og Ingimar Jóhannssyni, Reykjavíkurvegi 29, öllum hér í bæ f. h. barnaverndarráðs. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að felldur verði úr gildi úrskurður stefnda varðandi stefnandi, upp kveðinn 4. júní 1945, og að stefnda verði dæmt til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Stefnda hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Að ósk aðilja og með samþykki dómarans samkvæmt heimild í 5. mgr. 71. gr. einkamálalaganna hefur málflutningur að þessu sinni aðeins snúizt um þær sóknarástæður stefnanda, að nefndur úrskurður stefnda sé ómerkur vegna formlausrar og rangrar meðferðar stefnda í máli þessu.

Málsatvik eru þessi:

Árið 1930 stofnaði stefnandi barnaheimili að Sólheimum í Grímsnesi. Naut hún til þess fjárstyrks frá Barnaheimilissjóði þjóðkirkjunnar og Reykjavíkurbæ. Hefur stefnandi verið forstöðukona þess síðan. Tilgangur heimilisins var í upphafi að sjá um uppeldi heilvita barna, sem voru munaðarlaus eða vangæf. Á árinu 1932 voru þó teknir fávitar á hælið og árið 1933 var reist sérstakt hús að Sólheimum fyrir þá. Með skipulagsskrá, dags. 2. nóv. 1933 og staðfestri 12. janúar 1934, var barnaheimilið gert að sjálfseignarstofnun undir stjórn barnaheimilisnefndar þjóðkirkjunnar og

stefnandi, er skyldi fara með stjórn heimilisins, meðan hún héldi heilsu og kröftum. Hefur stefnandi starfrækt heimili þetta síðan og notið til þess styrks frá ríkissjóði, Reykjavíkurbæ og ýmsum einstaklingum. Fávitir voru allir fluttir brott af hælínu í septembermánuði 1944. Með lögum nr. 43 frá 1932 var stofnað barnaverndarráð, sem meðal annars skyldi hafa eftirlit með öllum barnahælum á landinu. Tók brátt að brydda á ágreiningi milli ráðsins og stefnanda um rekstur heimilisins og fór slíkt vaxandi, er tímar liðu. Þann 2. október 1944 barst stefnda kæra á hendur stefnanda vegna reksturs heimilisins og aðbúð barna þar. Varð þetta til þess, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið skipaði tveggja manna nefnd til að rannsaka starfsemi barnaheimilisins. Nefnd þessi tók til starfa 20. nóv. 1944 og skilaði skýrslu um störf sín 6. des. s. á.

Urðu nú allmiklar bréfaskriftir og samtöl milli aðilja máls þessa um rekstur hælisisins, en ekki náðist samkomulag. Þann 22. febrúar 1945 ritaði stefnandi skólanefnd Grimsnesskólahéraðs bréf út af máli þessu og fylgdi bréfi þessu afrit nefndrar rannsóknar. Bréfi þessu svaraði skólanefndin með bréfi dags. 15. mars s. á. og fór þess á leit, að hún fengi að vera laus við öll afskipti af máli þessu, enda taldi hún barnaheimilið sér óviðkomandi. Nokkrar frekari bréfaskriftir urðu enn milli aðilja vegna máls þessa. Þann 4. júní 1945 kvað stefnda síðan upp úrskurð á þá lund, að stefnandi væri svipt réttindum til að veita forstöðu barnaheimilinu að Sólheimum.

Dómkröfur sínar í þessum hluta málsins byggir stefnandi *í fyrsta lagi á því*, að samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga um barnavernd nr. 43 frá 1932 hafi barnaverndarnefndir, og utan kaupstaða skólanefndir sbr. 1. gr. laganna, heimild til að svipta menn rétti til að taka vandalaus börn til uppeldis. En báðir aðiljar geti skotið slíku úrskurðum til barnaverndarráðs, er úrskurði síðan um málið að nýju, sbr. 4. til 21. gr. laganna. Í þessu máli hafi þessa ekki verið gætt. Stefnda hafi kveðið upp úrskurð sinn, án þess að fyrir lægi úrskurður skólanefndar Grimsneshrepps, og sé því úrskurðurinn markleysa ein.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að auk þess sem barnaverndarráð eigi úrskurð um þau atriði, sem til þess er skotið eftir að barnaverndarnefndir eða skólanefndir hafa úrskurðað um þau, þá hafi ráðið samkvæmt 3. tl. 21. gr. barnaverndarlaganna sérstaka eftirlitsskyldu með barnaheimilum, og hljóti þar í að felast, að það geti svipt mann rétti til að veita slíku heimili forstöðu, án þess að bera það undir barnaverndar- eða skólanefnd, enda séu efnisástæður fyrir hendi til þessara aðgerða. Í 4. tl. 21. gr. sé enda sagt, að ráðið úrskurði um þau atriði, er undir það séu borin, en ekki tekið fram, að annar aðilji verði áður að hafa úrskurðað um þau. Þá hefur stefnda talið, að með bréfinu til skólanefndar Grimsnesshéraðs þann 22. febrúar 1945, svo og svarbréfi skólanefndarinnar frá 13. marz s. á., hafi því skilyrði verið fullnægt, að

skólanefndin fengi tækifæri til að taka afstöðu til málsins, áður en úrskurður gengi í ráðinu.

Með ákvæðum 12. gr. laga um barnavernd nr. 43 frá 1932 er barnaverndar- og skólanefndum fengið vald til að svipta einstaklinga og stofnanir rétti til að taka börn í föstur. Aðiljum er þó veitt heimild til að skjóta slíkum úrskurði til barnaverndarráðs og er í því sambandi vísað til 21. gr. laganna. Í 4. tl. 21. gr. laganna segir, að ráðið leggi úrskurð á þau mál, sem undir það séu borin og er þar m. a. vísað til 12. greinar. Af þessum ákvæðum laganna verður ekki annað ráðið, en að mál þau, sem hér um ræðir, skuli ætíð borin undir barnaverndar- eða skólanefnd, áður en barnaverndarráð úrskurðar um þau.

Svo sem áður getur, ritaði stefnda skólanefnd Grímsnesshéraðs, en Sólheimar eru í því héraði, bréf dags. 22. janúar 1945. Bréfi þessu fylgdi meðal annars skýrsla um rannsókn þá, er fram fór árið 1944 á starfsemi barnaheimilisins. Í bréfi þessu segir svo: „Barnaverndarráð Íslands vill leyfa sér að æskja sem fyrst álits háttvirtrar skólanefndar um málið í heild og hvað gera skuli.“ Bréfi þessu svaraði skólanefndin með bréfi dags. 15. marz s. á. og óskar þess að vera laus við öll afskipti af barnaheimilinu, enda telja sér það óviðkomandi. Með því að leggja málið fyrir hlutaðeigandi skólanefnd á framangreindan hátt verður stefnda talið hafa fullnægt skilyrðum barnaverndarlaganna að þessu leyti. Verða því dómkröfur stefnandi ekki á þessu byggðar.

Í öðru lagi hefur stefnandi byggt dómkröfur sínar á því, að henni hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna í málinu, áður en stefnda felldi úrskurð sinn í því, og hljóti það að varða því, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að stefnandi hafi fullkomlega verið gefinn kostur á að skýra málið af sinni hálfu, meðan stefnda fjallaði um það áður en úrskurður þess féll. Meðal gagna þeirra, sem lögð hafa verið fram í málinu, eru bréf, er farið hafa á milli málsaðilja út af máli þessu. Af bréfum þessum, einkum niðurlagi dómsskjals nr. 14, er ljóst, að stefnandi hefur haft næga aðstöðu til að gæta hagsmuna sinna í sambandi við mál þetta, enda skýrt sin sjónarmið fyrir stefnda áður en úrskurður gekk.

Verða því dómkröfur stefnanda heldur ekki á þessu atriði byggðar.

Málalok í þessum hluta málsins verða því þau, að dómkröfur stefnanda verða ekki teknar til greina á þeim grundvelli, að formgallar hafi verið á meðferð máls þessa af hendi stefnda.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður að því er varðar þennan þátt málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Dómkröfur stefnanda Sesselju Sigmundsdóttur á hendur stefnda, Arngrími Kristjánssyni, Jakob Jónssyni og Ingimar Jóhannessyni, f. h. barnaverndarráðs, verða ekki teknar til greina á grundvelli framangreindra sóknarástæðna.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Þriðjudaginn 20. apríl 1948.

Nr. 120/1947. Anna Líndal (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Mjólkursamsölunni í Reykjavík

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Húsaleigumál. Synjun útburðar.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. nóv. s. l., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fégeta að framkvæma útburðargerð þá, sem beðið er um. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjanda úrskurðar ber að staðfesta hann, að því er synjun útburðar varðar, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður að því er varðar synjun útburðar.